



## **Náðu rófunni.**

*Mikill ærslaleikur.*

### Yfirlit:

Tveir hópar keppast við að “bíta” halann af hvor öðrum.

### Hvað þarftu:

Tvo hópa með 5-8 þátttakendum í hvorum hóp. Hafið jafnan fjölda þátttakenda í hópunum. Tvær tuskur eða klúta til að vera “halinn”.

### Hvað á að gera:

Tveir ormar voru eitt skipti að deila mikið og deilan stigmagnaðist. Að lokum ákváðu þeir að þyrftu að gera út um deiluna með bardaga. Sá sem væri fyrstur til að bíta halann af hinum hefði sigur.

Í leiknum eru tveir hópar og í hvorum hóp fyrir sig haldast allir í hendur svo að lína myndast. Klútur er settur í buxnastreng öðrum megin í línunni (halinn) og á hinum endanum er ein hönd laus (höfuðið). Höfuðið reyndir síðan að ná halanum á andstæðingnum á meðan öll línan reynir að forða eigin hala. Bara höfuðið má “bíta” halann af. Ef línan slitnar hjá öðrum hvorum hópnum þá hafa þeir tapað. Munið að kapp er best með forsjá, stjórnendur ættu fara ítarlega yfir það með þátttakendum að öryggi er fyrir öllu.